

nauðsyn þess, að kærði verði látinn sæta gæsluvarðhaldi, svo og með vísan til 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 þykir rétt að taka til greina kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald á hendur kærða, og skal hann sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. október 1978, kl. 1700. Brot þau, sem kærði er sakaður um, gætu varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Hafsteinn Häsler, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 18. október 1978, kl. 1700.

Mánudaginn 16. október 1978.

Nr. 162/1978. **Rauðará h/f**
 gegn
Breiðholti h/f.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóminn kvað upp Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 2. ágúst 1978, sem barst Hæstarétti 28. september s. á., Vitneskju um uppsögu héraðsdóms fékk sóknaraðili hinn 20. júlí 1978. Hann krefst þess, að frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 3. júlí 1978, verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinar-gerð.

Mál þetta var ekki lagt til sátta fyrir sáttamenn samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Kröfu sóknaraðilja um kærumálskostnað úr ríkissjóði, sem ekki er aðili kærumáls þessa, ber að vísa frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kröfu sóknaraðilja, Rauðarár h/f, um kærumálskostnað úr ríkissjóði er vísað frá Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. júní 1978, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri föstudaginn 9. júní 1978, af Rauðará h/f, Reykjavík, gegn Breiðholti h/f, Lágmúla 9, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1.143.080 með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. janúar 1978 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig tilkomna, að hinn 8. nóv. 1977 hafi Páll H. Pálsson, Mávahlíð 47, Reykjavík, sent stefnda, Breiðholti h/f, viðskiptavíxla, samtals að fjárhæð kr. 1.143.080. Fjárhæð þessa hafi átt að leggja inn á viðskiptareikning Rauðarár h/f hjá stefnda og greiða með henni steypu, sem stefndi átti eftir að afgreiða, í efstu hæð nýbyggingar Rauðarár h/f að Lágmúla 5, Reykjavík. Stefndi hafi aldrei afgreitt þessa steypu og muni ekki gera það. Stefnandi kveður Rauðará h/f vera skuldlaus við stefnda og hafi einnig verið það, áður en umræddir víxlar voru sendir stefnda.

Stefnandi kveður margítrekaðar tilraunir til að fá umrædda víxla endursenda eða andvirði þeirra greitt ekki hafa borið árangur og því hafi málssókn þessi verið óhjákvæmileg.

Stefndi, Breiðholt h/f, hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Málshöfðun þessi er tilkomin vegna víxilviðskipta stefnanda, Rauðarár h/f, við stefnda, Breiðholt h/f. Í stefnu getur hins vegar hvergi að finna neina lýsingu á víxlum þeim, sem eru grundvöllur málshöfðunarinnar. Eigi er getið útgefanda og samþykkjanda né upphæðar hvers víxils um sig né heldur greiðsludags og útgáfudags. Að þessu athuguðu verður að telja, að málið sé vanreifað og að málatilbúnaður stefnanda brjóti í verulegum atriðum gegn ákvæðum 88. greinar laga nr. 85/1936, þannig að varða eigi frávisun máls þessa frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Þorgeir Örlygsson.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.

Þriðjudaginn 17. október 1978.

Nr. 121/1977. Jósafat Arngrímsson

(sjálfur)

gegn

Hilmari Ingimundarsyni

(sjálfur).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Sveinn Sigurkarlsson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1977. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.